

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

30. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, haldinn að Breiðabliki 16. september 2014 og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Atli Sveinn Svansson, Jón Oddsson, Pröstur Aðalbjarnarson, Egill Valberg Benediktsson, Guðrún Karólína Reynisdóttir, Hilmar Hallvarðsson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Umræður um kosningu formanns, varaformanns og fundarritara nefndarinnar.

Á 28. fundi skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, sem haldinn var að Breiðabliki þann 28. júlí 2014 var Atli Sveinn Svansson kosinn formaður, Egill Valberg Benediktsson varaformaður, Jökull Helgason ritari.

Sú breyting hefur orðið á nefndinni í september 2014 að eftirtaldir skipa nefndina f.h. Helgafellssveitar:

Aðalmenn; Sif Matthíasdóttir, Hilmar Hallvarðsson og Guðrún Reynisdóttir.

Varamenn; Jóhann Hálfðánarson (1) og Egill Valberg Benediktsson (2).

Lagt fram.

2. Samningur um svæðisnefnd skipulags- og byggingarmála fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp og Helgafellssveit.

Lagt fram.

3. Erindi frá Herði G. Ingólfssyni, Hrísum.

Tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi vatnsaflsvirkjunar í Svelgsá, svokallaðrar Svelgsárvirkjunar í Helgafellssveit.

Deiliskipulagið tekur til 800 kW (uppsett afl) vatnsaflsvirkjunar við Svelgsá úr landi Hrísa (nú Valla) í Helgafellssveit. Mannvirkjagerð felst í stöðvarhúsi, rafveitu að dreifikerfi, aðkomuvegi að stöðvarhúsi, slóðagerð að inntaksmannvirkjum, inntaksstíflu, þremur aðveitustíflum, og aðveituröri að stöðvarhúsi. Virkjunin, sem er rennslisvirkjun, telst til lítilla vatnsaflsvirkjana (í stærðarflokki 300-1000 kW).

Framleiddri raforku mun verða veitt um 19 kV jarðstreng inn á dreifikerfi Landnets.

Gert er ráð fyrir 3-4 m breiðum og tæplega 1600 m löngum malarvegi frá Snæfellsnesvegi (54) að stöðvarhúsi. Vegagerðin hefur fallist á vegtengingu við Snæfellsnesveg eins og hún er sýnd á uppdrætti. Stöðvarhús liggur austan við árfarveg Svelgsár. Gert er ráð fyrir að grunnflötur stöðvarhúss sé allt að 120 m². Hámarkshæð (mænishæð) stöðvarhúss frá jörðu er 5 m.

Frá stöðvarhúsi er beisluðu vatni veitt út í farveg Svelgsár um stuttan skurð u.þ.b. 20-30 m á lengd. Vegalengd milli stöðvarhúss og inntaksstíflu er rúmlega 1770 m og fallhæð um 160 m.

Gert er ráð fyrir að þvermál aðveiturörs sem vatni er veitt um að stöðvarhúsi frá inntaksstíflu verði að allt að 600 mm. Aðveiturör verður grafið í jörðu. Við full afköst virkjunar mun vatnsmagn um aðveiturör verða 0.7 m³/sek. Gert er ráð fyrir vegslóða frá stöðvarhúsi að stíflum sem liggja mun við hlið aðveiturörs. Stífla við inntak verður

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

að hámarki 25 m að lengd og 1,5 m á hæð þar sem hún verður hæst. Inntaksstífla mun standa í um 220 metra hæð yfir sjávarmáli.

Þrjár aðveitustíflur verða reistar auk inntaksstíflu.

Flatarmál vatnsyfirborðs við stíflurnar fjórar verður undir 500 m².

Vatnsból vatnsveitu Stykkishólmsbæjar er vestan Svelgsár og liggur grannsvæði vatnsverndar að bökkum árinna á móts við stöðvarhús.

Athugasemdafrestur vegna auglýstrar deiliskipulagstillögu var til 22. júlí sl.

Athugasemdir bárust frá eigendum jarðarinnar Svelgsár og Hrísakots / Valla.

Bréf dags. 17.07.2014 frá Jóhanni Guðmundi Hálfðanarsyni og Vilhelmínu Salbergsdóttur, eigendum Svelgsár.

Í bréfinu er því m.a. mótmælt að heimiluð verði stækkun á virkjun í Svelgsá, að breytingin muni hafa í för með sér mikil og óafturkræf umhverfisspjöll, þar sem stíflumannvirkjum sé fjölgað úr 1 í 4, auk þess sem stíflurnar standi hærra skv. tillögunni en gert var ráð fyrir í gildandi skipulagi, að vegagerð vegna framkvæmdanna verði eitt flakandi sár um ófyrirsjáanlega framtíð. Þá er því haldið fram að framkvæmdin muni rýra gildi jarðarinnar Svelgsár umtalsvert.

Bréf dags. 09.07.2014 frá Jörundi Svavarssyni og Sif Matthíasdóttur eigendum jarðarinnar Hrísakots og Valla (áður Hrísa).

Í bréfinu er því m.a. mótmælt að aðkomuvegur að stöðvarhúsi liggja um land Valla, en í ljósi breytinga á eignarhaldi landsins árið 2010 er hluti gildandi deiliskipulags innan lands Valla sem er í eigu Jörundar og Sifjar. Gerð er krafa um að breytingartillögunni verði hafnað og/eða henni vísað frá. Jafnframt er þess óskað að gildandi deiliskipulag verði endurskoðað og að vegur í landi Valla verði felldur úr deiliskipulaginu.

Bréf dags. 10.07.2014 frá Jörundi Svavarssyni og Sif Matthíasdóttur eigendum jarðarinnar Hrísakots og Valla (áður Hrísa).

Í bréfinu kemur m.a. fram að lagst sé alfarið gegn því að virkjunarsvæðið verði fært svo ofarlega í Hrísafellið eins og lagt er til í tillögunni og því að virkjunarsvæðið verði fært svo nærri landamerkjum við Velli, en skv. tillögunni verður austasta aðveitustíflan (stífla 3), staðsett í um 20m fjarlægð frá landamerkjum og því haldið fram að lón hennar verði nánast við landamerkin.

Að framkvæmdirnar muni rýra útlit efri hluta Hrísafellsins sem er að mestu í eigu Jörundar og Sifjar og rýra útivistar- og verðgildi jarðarinnar Hrísakots/Valla og möguleika til að byggja upp og þróa náttúrutengda ferðamennsku s.s. göngu- og skoðunarferðir. Þá er því haldið fram að tillagan falli illa að „Leiðarljósi“ aðalskipulags Helgafellssveitar (sbr. óstaðfest aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024), að framkvæmdir muni raska Hrísafellinu, að ör vegna framkvæmdanna muni seint eða aldrei gróa og geti valdið auknu rofi í Hrísafelli, að tillagan hafi neikvæð áhrif gagnvart ferðamennsku og náttúruupplifun ferðamanna.

Nefndin samþykkir deiliskipulag Svelgsárvirkjunar með áorðnum breytingum. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að svara framkomnum athugasemdum í samræmi við umræður á fundinum.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

4. Erindi frá Herði G. Ingólfssyni, Hrísum.
Sótt er um leyfi fyrir breytingu á lögun og stærð þess lands sem umlykur fyrirhugaða virkjun í landi Hrísa.
Vegna sölu á Hrísalandi virkjun Helgafellssveit, fastanúmer 233-5910 og landnúmer 219352 þarf að gera breytingu á landamerkjum.
Meðfylgjandi er ný teikning með landamerkjum og hnitaskrá fyrir land með ofangreindum skráningarnúmer.
Stærð landsins eftir breitingu verður 34 ha.
Samþykkt.
5. Erindi dags. 16.09.2014 frá Óskari Hjartarsyni, Helgafelli.
Sótt er um leyfi fyrir stofnun lóðar á Helgafelli sem er breyting á merkjum milli Helgafells og Helgafells 1, einnig lóð sem á að heita Fell og verður 1 ha að stærð.
Samþykkt.
6. Erindi frá Stykkishólmsbæ dags. 09.09.2014.
Eignayfirlýsing vegna Vatnsdals, sem þinglýst var 1988, einnig hnitsettur uppdráttur frá árinu 2006.
Skipulags- og byggingarfulltrúa faliði að afla frekari upplýsinga um málið.
7. Til kynningar:
 - a) Kynningargögn og fundargerð vegna íbúafundar að Skildi.
8. Önnur mál:
Ekkert tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 23:30.